



Fundargerð

**487. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps
sem haldinn var á Klausturvegi 4
miðvikudaginn 15. febrúar 2023, kl. 13:50.**

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson, Karl Antonsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Jóhannes Gissurarson, oddviti, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.
Oddviti lagði fram breytingu á dagskrá að bréf frá Ólafi Elvari Júlíussyni yrði liður 23 á fundinum.
Var breyting á dagskrá fundarins samþykkt samhljóða.

Fundargerðir til samþykktar

1. 2302002F - Skipulagsnefnd - 181
 - 1.1 2302032 - Seljaland - stofnun vegsvæðis
Niðurstaða Skipulagsnefnd - 181
Skipulagsnefnd samþykkir erindið.
Sveitarstjórн staðfestir ákvörðun Skipulagsnefndar.
Björn Helgi Snorrason, vék af fundi undir þessum lið.
 - 1.2 2302027 - Vindorkugarður á Grímsstöðum 2 í Meðallandi
Niðurstaða Skipulagsnefnd - 181
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fram lagða matsáætlun en áskilur sér rétt til að koma fram með athugasemd á síðari stigum.
Sveitarstjórн staðfestir ákvörðun Skipulagsnefndar.
 - 1.3 2302026 - Svæðisskipulag Suðurhálendis - tillaga til kynningar
Niðurstaða Skipulagsnefnd - 181
Skipulagsnefnd fagnar þessari framkomnu kynningartillögu og minnir á hve stór öryggispáttur og varaleið Fjallabaksleið nyrði er fyrir hringveg 1 komi til náttúruhamfara á svæðinu.
Sveitarstjórн staðfestir ákvörðun Skipulagsnefndar.
 - 1.4 2301032 - Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033- Heildarendurskoðun til umsagnar
Niðurstaða Skipulagsnefnd - 181
Skipulagsefnd Skaftárhrepps gerir ekki athugasemdir við framlagt heildarendurskoðað Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033 sem fyrir fundi liggr.

Sveitarstjórн staðfestir ákvörðun Skipulagsnefndar.

BHK

J.S

Guðrún

Ale



- 1.5 2212020 - Geirland - br á deiliskipulagi

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 181

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að dsk breytingin verði auglýst skv. 41.gr skipulagsлага nr. 123/2010 að teknu tilliti til gr. 4.3.3 í byggingarreglugerð þar sem sérstaklega er tekið á aðgengi að slökkvivatni.

Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið verði auglýst og ítrekar þá kröfu um að tekið verði tillit til greinar 4.3.3 í byggingarreglugerð.

- 1.6 2302029 - Núpar - br á deiliskipulagi

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 181

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að dsk breytingin verði auglýst skv. 41.gr skipulagsлага nr. 123/2010 að teknu tilliti til gr. 4.3.3 í byggingarreglugerð þar sem sérstaklega er tekið á aðgengi að slökkvivatni.

Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið verði auglýst og ítrekar þá kröfu um að tekið verði tillit til greinar 4.3.3 í byggingareglugerð.

- 1.7 2201002 - Klausturvegur 15 - byggingarleyfi fyrir fjarskiptamastri

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 181

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að ósk um staðsetningu fjarskiptamasturs verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa síðan í framhaldinu falið að gefa út byggingarleyfi fyrir mastrinu.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulagsnefndar.

- 1.8 2302031 - Skriðuvellir 12 - br einbýli í 3ja íbúða fjölbýli

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 181

Skipulagsnefnd tekur jákvætt í beiðnina en leggur til að óveruleg dsk breyting verði unnin og lögð fyrir næsta fund til samþykktar og grenndarkynningar skv. 44.gr skipulagsлага nr. 123/2010.

Sveitarstjórn telur að breyting á einbýlishúsi í þriggja íbúða fjölbýli sé meira en óveruleg breyting á skipulagi svæðisins og leggur til að skipulagsnefnd taki tillit til þess í endanlegri afgreiðslu sinni á málinu.

BHS

JG

SJ
GG
AL



- 1.9 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 181

Sérstaklega var rætt um óskráð/vanskráð mannvirki í sveitarféluginu. Skipulagsnefnd leggur til að fylgt verði eftir útsendu fréttabréfi um að landeigendur/húseigendur geri grein fyrir óskráðum/ vanskraðum mannvirkjum. Ráðist verði í þetta átak hið fyrsta.

Sveitarstjórn lítur það mjög alvarlegum augum að það séu vel á annað hundrað óskráðar fasteignir í sveitarféluginu. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að skrifa þeim fasteignaeigendum sem vitað er um að eigi óskráðar fasteignir í sveitarféluginu bréf og sé þeim gefinn kostur á því að koma sínum málum á hreint fyrir 15. mars næstkomandi. Ef það gerist ekki er sveitarstjóra heimilt að beita dagsektum skv. byggingarreglugerð og öðrum þeim úrræðum sem reglugerðin heimilar til að ná þessum eignum á fasteignaskrá.

- 1.10 2206005 - Stjórnsýslukæra - framkvæmdaleyfi Hnútuvirkjun

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 181

Kynnt.

Lagt fram til kynningar.

2. 2302034 - Íþrótta- og tómstundaneftnd

Fundargerð frá 13. febrúar 2023, 83. fundur nefndarinnar.

Liður 1: Sveitarstjórn staðfestir samhljóða framlagðar reglur fyrir Ungmennaráð Skaftárhrepps.

Að öðru leyti var fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir til kynningar

3. 2302025 - Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps

Fundargerð frá 2. febrúar 2023, 40. fundur nefndarinnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. 2302007 - Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu (FSRV)

Fundargerð frá 23. janúar 2023, 69. fundur stjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. 2302006 - Vatnajökulsþjóðgarður

Fundargerð svæðisráðs vestursvæðis, frá 18. janúar 2023, 107. fundur ráðsins.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

BHS
J.S
G.S
R.G



6. 2302005 - Katla jarðvangur ses 66. fundur
Fundargerð frá 29. desember 2022, 66. fundur stjórnar.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. 2302011 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands
Fundargerð frá 20. janúar 2023, 224. fundur nefndarinnar.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. 2302009 - Bergrisinn bs.
Fundargerð frá 5. janúar 2023, 49. fundur stjórnar.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. 2302010 - Bergrisinn bs.
Fundargerð frá 13. janúar 2023, 50. fundur stjórnar.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. 2302003 - Arnardrangur hses.
Fundargerð frá 5. janúar 2023, 2. fundur stjórnar.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

11. 2302004 - Arnardrangur hses.
Fundargerð frá 13. janúar 2023, 3. fundur stjórnar.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

12. 2302033 - Skólamál
Undir þessum lið verða rædd málefni, grunn, - og tónlistarskóla.
Oddviti lagði fram tillögu um að öllum nemendum 6 til 10 bekkjar, Kirkjubæjarskóla á Síðu yrðu gefnar spjaldtölver, að gerðinni iPad 10.2 64GB ásamt lyklaborði.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu og er sveitarstjóra falið að vinna málid áfram.
Kostnaður við þessi kaup er tekin af lið 2140/4925.

Sveitarstjóri greindi frá því að nemendum Tónlistarskóla Skaftárhrepps, hefði fjölgarð umtalsvert og nú á vorönn, væru 24 nemendur sem stunduðu nám við skólann.

BTS
B.G.
S.H.
GMS
AH



Skaftárhreppur

13. 2302019 - Reglur um skólahald þegar óveður geisar

Lagðar fram nýjar reglur um högum skólahalda þegar appelsínugular eða rauðar viðvaranir Veðurstofu Íslands eru í gildi

Oddviti lagði fram reglur um skólahald í Skaftárhreppi þegar óveður geisar. Þegar appelsínugular eða rauðar viðvaranir Veðurstofu Íslands eru í gildi í sveitarféluginu, hafa skólastjórar heimild, til að fella niður skólastarf (grunn- og leikskólar í Skaftárhreppi).

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi reglur.

14. 2302023 - Sorphirða fyrir heimili, stofnanir, gámastöðvar o.fl. í Skaftárhreppi.

Unnin hafa verið útboðsgögn vegna sorphirðu og eyðingar fyrir Skaftárhrepp.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða að vinna sameiginleg útboðsgögn vegna sorphirðu og eyðingar með Mýrdalshreppi, með það sjónarmið að sorphirðan og eyðing yrði sameiginleg. Jafnframt yrði urðunarstaður sorps fyrirhugaður á Skógarsandi fyrir sveitarfélöginn bæði til framtíðar litið.

15. 2302024 - Skaftárljós ehf.

Málefni Skaftárljós ehf. til umfjöllunar.

Oddviti greindi frá því að hann og sveitarstjóri hefðu átt fund með forstjóra og sviðsstjóra grunnkerfis Milu, vegna áhuga Milu á að kaupa rekstur Skaftárljóss.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra framhald viðræðna við Milu.

16. 2302018 - Samningur við Björgunarsveitina Kyndil

Lagður fram samningur sem tryggir björgunarsveitinni árlegan rekstrarstyrk, frá sveitarféluginu, til viðhalds, rekstrar, kaupa á búnaði ofl.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samning.

Björn Helgi Snorrason, vék af fundi undir þessum lið.

17. 2302017 - Samningur við Björgunarsveitina Líf gjöf

Lagður fram samningur sem tryggir björgunarsveitinni árlegan rekstrarstyrk, frá sveitarféluginu, til viðhalds, rekstrar, kaupa á búnaði ofl.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samning.

Jóhannes Gissurarson, vék af fundi undir þessum lið. Björn Helgi Snorrason, tók við stjórn fundarins.

Jóhannes Gissurarson, tók við stjórn fundarins að nýju.

BHS

95.

SGF

AL



18. 2302016 - Samningur við Björgunarsveitina Stjörnuna

Lagður fram samningur sem tryggir björgunarsveitinni árlegan rekstrarstyrk, frá sveitarfélagini, til viðhalds, rekstrar, kaupa á búnaði ofl.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samning.

19. 2302021 - Samningur vegna ljósmynda

Lagður fram samningur á milli Skaftárhrepps og Íslandsmynda ehf. sem tryggir sveitarfélagini, afnot af ljósmyndum Íslandsmynda í auglýsinga-, kynningar- og prentefni og hvers kyns markaðs-og kynningarútgáfu á vegum sveitarfélagsins

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samning.

20. 2302012 - Uppbygging ehf.

Lagt fram bréf, dagsett 26. janúar 2023, þar sem óskað er eftir viðræðum um kaup á eignum sveitarfélagsins sem standa á Klausturvegi 10 og lóðinni Klausturvegi 12.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að funda með forsvarsmönnum, Uppbyggingar ehf. um fyrirhuguð kaup þeirra og uppbyggingu.

Afgreiðslu málsins frestað.

21. 2302028 - Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir

Lagt fram bréf, dagsett 3. febrúar 2023, vegna framkvæmda á Ásajörðunum. Óskað er eftir upplýsingum frá sveitarfélagini.

Ríkiseignir óska eftir upplýsingum frá Skaftárhreppi um framkvæmdastöðu byggingar á 192,5 fm geymslu og afstöðu sveitarfélagsins til leigusamnings um grenndarstöð.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, að sveitarstjóri svari erindinu.

22. 2302035 - Ósk um lausn um setu í Fræðslunefnd

Lagt fram bréf, dagsett 12. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir lausn undan setu í Fræðslunefnd.

Jón Hrafn Karlsson, óskar eftir lausn frá setu í Fræðslunefnd Skaftárhrepps af persónulegum ástæðum.

Sveitarstjórn þakkar Jóni Hrafnini, fyrir störf sín í Fræðslunefnd.

Kosningu á nýjum fulltrúa í Fræðslunefnd er frestað.

BHS
JG.
SRI
GSS
AVT-



23. 2302036 - Ólafur Elvar Júlíusson

Tekið er fyrir bréf frá Ólafi Elvari Júlíussyni, dagsett 15. febrúar 2023. Með bréfinu segir Ólafur Elvar, starfi sínu lausu sem skipulags- og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá starfslokum við Ólaf Elvar og að þau verði næstkomandi föstudag 17. febrúar 2023.

Er Ólafi Elvari þökkuð störf fyrir sveitarfélagið.

Mál til kynningar

24. 2302013 - Aðilaskipti að jörð.

Tilkynning skv. 10. gr. Jarðalaga 81/2004 með síðari breytingum um aðilaskipti á jörðinni Múla í Skaftárhreppi.

Lagt fram til kynningar.

25. 2302008 - Rangárþing eystra

Lögð fram bókun byggðarráðs Rangárþings eystra, frá 19. janúar 2023, vegna stöðu Kötlu jarðvangs.

Lagt fram til kynningar.

26. 2302002 - Samband íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram minnisblað, dagsett, 3. febrúar 2023, vegna ágangs búffjár. Minnisblað þetta er ritað vegna álits Umboðsmanns Alþingis 11. október 2022 (11167/2021) og úrskurðar Dómsmálaráðuneytisins 11. janúar 2023 (DMR21080053). Markmið minnisblaðsins er að varpa ljósi á réttarstöðu sveitarfélaga þegar beiðnir um smöluun berast sveitarfélögum vegna ágangs búffjár milli landareigna og jafnframt frá afrétti.

Lagt fram til kynningar.

27. 2302001 - Samband íslenskra sveitarfélaga.

Lagt fram bréf, dagsett, 26. janúar 2023, þar sem boðað er til XXXVIII. landsþings sambandsins. Þingið verður haldið 31. mars næstkomandi.

Lagt fram til kynningar.

28. 2302015 - Trúnaðarmál

Lögð voru fram erindi sem meðhöndluð voru sem trúnaðarmál.

Undir þessum lið voru bókuð tvö mál í trúnaðarbók sveitarfélagsins.

BHS
JG.
Sri
Ges
M.



Skýrsla sveitarstjóra

29. 2302022 - Skýrsla sveitarstjóra 487. fundi

Sveitarstjóri mun gera grein fyrir störfum sínum.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum eins fram kom á fundinum.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 18.11.

Jóhannes Gissurarson
Jóhannes Gissurarson

Gunnar P. Sigmarsson
Gunnar Pétur Sigmarsson

Sveinn H. Jansson
Sveinn Hreiðar Jansson

Björn Helgi Snorrason
Björn Helgi Snorrason

Auður Guðbjörnsdóttir
Auður Guðbjörnsdóttir